

**30. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu haldinn 11.01.2016 á
Hellu kl. 16.00**

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu: Særún Sæmundsdóttir, Hafdís Garðarsdóttir, Árný Hrund Svavarsdóttir, Ásta Brynjólfssdóttir, Elín Grétarsdóttir, Áslaug Einarsdóttir, Sverrir Gíslason og Katrín Þorsteinsdóttir félagsmálastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund

I Trúnaðarmál

Trúnaðarmál 1 – 5 fært í fundargerðarbók

II Önnur mál

- A. Umræður um verð á fæði, heimsendingu matar, frá hjúkrunarheimilinum á svæði félagsþjónustunnar.
Samræma og endurskoða þarf sameiginlega gjaldskrá varðandi heimsendan mat í byggðarsamlaginu. Einnig þarf að setja inn í reglur um félagslega heimaþjónustu viðbót sem snýr að árlegri breytingu á gjaldskrá varðandi heimsendingu matar samkvæmt vísitölu neysluverðs. Katrínu félagsmálastjóra falið að vinna málið áfram og ræða við forstöðumenn hjúkrunarheimila í byggðarsamlaginu.
- B. Breytingar á reglum um sérstakar húsaleigubætur.
Samþykkt og vísað til sveitarfélaga byggðarsamlagsins til samþykktar
- C. 112 – dagurinn 2016, almannavarnir og 20 ára afmæli 112
Til kynningar
- D. Notendaráð í málefnum fatlaðs fólks í heimsókn á fund félagsmálanefndar vor 2016
Til kynningar
- E. Innflytjendabæklingar kynntir, væntanlega sendir til sveitarfélaga í febrúar 2016.
Félagsmálanefnd fagnar framtakinu
- F. Til kynningar; hækkun á greiðslu til stuðningsforeldra í málaflokki fatlaðs fólks frá 1. janúar 2016, 5% hækkun.
Greiðsla vegna 1. Flokks úr 9.926 kr. í 10.422 kr.
Greiðsla vegna 2. Flokks úr 12.201 kr. í 12.811 kr.
Greiðsla vegna 3. Flokks úr 15.717 kr. í 16.503 kr.
- G. Til upplýsinga ; fjárhagsaðstoð hækkar úr 140.865 kr. í 142.302 kr. fyrir einstakling og úr 224.264 kr. í 227.683 kr. frá 1. janúar 2016 samkvæmt fjárhagsaðstoðarreglum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 18:15

Næsti fundur er áætlaður þann 22.02. 2016

Særún Sæmundsdóttir

Áslaug Einarsdóttir

Ásta Brynjólfsdóttir

Árný Hrund Svavarsdóttir

Hafdís Garðarsdóttir

Elín Grétarsdóttir

Sverrir Gíslason

Katrín Þorsteinsdóttir